



Myndbandasamkeppnin Siljan: Lærdómur af lestrarhvetjandi verkefni

Brynhildur Þórarinsdóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Myndbandasamkeppnin Siljan er skapandi lestrarverkefni fyrir nemendur í 5.–10. bekk, en það er Barnabókasetur sem stendur fyrir keppninni. Nemendur velja nýlega barnaeða ungmennabók og hafa frjálsar hendur við að skapa myndband um hana. Markmiðið er að efla lestrarhuga grunnskólanemenda, stuðla að jafningjahvatningu og beina sjónum skólasamfélagsins að barna- og ungmennabókum. Barnabókasetur nýtir keppnina jafnframt til að safna gögnum sem nýst geta til að bæta lestrarmenningu barna og unglunga. Siljan hefur verið haldin sex sinnum og í gagnasafninu eru 230 myndbönd eftir nærri 800 nemendur. Hér verður gagnasafn Siljunnar krufið, hópurninn að baki myndböndunum verður greindur og litið sérstaklega á framlag stúlkna og drengja sem og miðstignemenda og unglunga. Þekking á lestrarvenjum grunnskólanemenda gefur tilefni til að ætla að stúlkur taki frekar þátt í lestrartengdu verkefni en drengir og yngri nemendur frekar en eldri. Hvort tveggja fékkst staðfest en þó hallar enn meira á unglungana en búast hefði mátt við. Þótt almennt halli á drengi mæta þeir sterkir til leiks þar sem kennarar tóku keppnina inn í kennsluna, sem sýnir hversu mikilvægur þáttur kennarans er í að skapa stemningu fyrir lestri. Fjallað verður um bækurnar sem nemendur völdu í samanburði við metsölulista og útlánatölur skólasafnanna, hvað einkennir vinsælustu bækurnar og hvað einkennir myndböndin en slíkar upplýsingar um hvernig börn velja og túlka bókmenntir koma að gagni við eflingu læsis og bókmenntakennslu. Myndbandasafnið ber vott um sköpunarkraft, hugvitssemi og tæknifærni barna og minnir á mikilvægi þess að vinna með áhugahvöt í tengslum við læsi.

Efnisorð: Lestrarhvatning, læsi, skapandi skólastarf, upplýsingatækni, bókmenntakennsla

Inngangur

Myndbandasamkeppnin Siljan er skapandi lestrarverkefni sem nemendum í 5.–10. bekk í grunnskólum landsins býðst að taka þátt í. Það er Barnabókasetur, rannsóknasetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri, sem stendur fyrir keppninni, síðustu ár í samvinnu við Borgarbókasafnið í Reykjavík. Markmiðið með keppninni er að hvetja börn og unglunga til að lesa og tjá sig um bækurnar sem þau lesa, og samhliða því að beina sjónum skólasamfélagsins að barna- og ungmennabókum.

Siljunn var komið á laggirnar skólaárið 2014–2015 en verkefnið varð til sem viðbrögð við niðurstöðum rannsókna á lestri barna og unglunga. Langtímarannsóknir á lestrarvenjum sýndu að dregið hefði úr tómstundalestri íslenskra grunnskólanemenda. Börn á aldrinum 10–16 ára læsu sjaldnar sér til ánægju en áður og hlutfallslega færri væru í hópi stórlesenda (Þorbjörn Bróddason o.fl., 2009). Mælingar á lesskilningi sýndu einnig hnignandi árangur. Samkvæmt PISA-könnunum OECD hafði

Íslenskum nemendum í 10. bekk farið aftur um sem nam hálfu skólaári milli ára 2000 og 2012 (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013). Jafnframt lá fyrir að mikill kynjamunur væri í lestraráhuga, stúlkur læsu mun oft en drengir utan skóla og mun fleiri drengir höfnuðu bóklestri (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Þessi kynjamunur birtist einnig í PISA-könnunum þar sem kynjamunur stúlkum í hag hafði komið fram í öllum lesskilningsprófunum frá 2000 og mun fleiri drengir en stúlkur sátu á lægstu hæfnisþrepunum í lesskilningi (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013).

Rannsóknir bentu einnig til þess að lestraráhugi og -árangur héldust í hendur. Niðurstöður PISA-könnunarinnar 2009 drógu fram tengsl milli áhuga á lestri og árangurs í lesskilningi. Ánægja af lestri var sá matsþáttur sem sterkast tengdist árangri í lesskilningi (Almar Miðvík Halldórsson, 2011). Munurinn reyndist samsvara allt að einu og hálfu skólaári milli þeirra bókhneigðu og hinna sem sögðust ekki lesa sér til ánægju (OECD, 2011). Hnignandi árangur í lesskilningi mátti því tengja við minnkandi tómstundalestur. Þegar rýnt var í tómstundalestur bentu rannsóknir til þess að viðhorf barna til lestrar hefðu jafnvel meiri áhrif á hversu mikið þau læsu en færni þeirra í lestri. Kynjamunur í lestrarvenjum mætti að vissu marki skýra með því að stúlkur hefðu almennt jákvæðara viðhorf til lestrar en drengir (Logan og Johnston, 2009). Þá höfðu rannsóknir á ungum bókaormum sýnt að þeir ættu það sameiginlegt að hafa alist upp við lestur og hefðu lestrarfyrirmyndir á heimilinu (Kristín Heba Gísladóttir o.fl., 2013).

Það benti því margt til þess að vinna þyrfti með hugræna og félagslega þætti ef árangur ætti að nást í lestrarmálunum, þ.e. áhuga, viðhorf og venjur. Siljunni var ætlað að leggja lóð á þessar vogarskálar. Keppnin var hönnuð út frá þeirri hugmyndafræði að leiðin til að bæta lestrarvenjur barna og unglunga lægi um áhugasvið þeirra og félagslíf. Mikilvægt væri að gera lestur barna og unglunga sýnilegri, styrkja jákvæðar lestrarfyrirmyndir innan hópsins og virkja unga lesendur til jafningjahvatningar.

Siljan hafði frá upphafi bæði fræðilegt og hagnýtt markmið. Með keppninni hugðist Barnabókasetur safna gögnum sem nýst gætu til að vinna að bættri lestrarmenningu meðal barna og ungmenna. Siljan hefur nú verið haldin sex sinnum og framlög þátttakenda mynda gagnasafn sem ber vitni um áhugasvið og sköpunarkraft grunnskólanemenda. Í þessari grein verður dregin upp mynd af þessu gagnasafni sem geymir 230 myndbönd eftir nærri 800 nemendum. Hópurinn að baki þessum myndböndum verður greindur og skoðað hvert framlag stúlkna og drengja er til heildarsafnsins. Að sama skapi verður skoðað hvernig skiptingin er milli miðstignemenda og unglunga. Fjallað verður um bækurnar sem nemendur völdu að vinna með við gerð þessara 230 myndbanda, en bókavalið gefur vísbendingar um hvers konar efni höfðar til barna á ákveðnum aldri. Skoðað verður hvað einkennir bækurnar sem njóta mestra vinsælda og að sama skapi hvað einkennir framlög barnanna. Loks er lærdómurinn af keppninni settur í samhengi við rannsóknir á lestri barna og unglunga í von um að greinin komi að gagni við eflingu lestraráhuga meðal grunnskólanemenda og þar með bætingu lesskilnings.

Lestur og bókmenntir í grunnskólum

Læsi íslenskra unglunga, einkum drengja, veldur stöðugt áhyggjum og hnignandi árangur í lesskilningi er reglulega harmaður á opinberum vettvangi. Læsi skólabarna var síðast rætt á Alþingi 25. maí 2021 þegar mennta- og menningarmálaráðherra svaraði fyrirspurn um námsárangur pílta og stúlkna í íslenska skólakerfinu (Þingskjal nr. 1455/2020–2021) og rataði þaðan í fréttir á RÚV sama dag undir fyrirsögninni „Lesskilningur drengja vel undir meðaltali OECD“ (Magnús Geir Eyjólfsson, 2021). Hafa þarf í huga að lesskilningur er hvorki einfalt að mæla né hafa skilgreiningar verið einhlítar. Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson (2017) rekja hvernig lesskilningshugtakið hefur þróast og dýpkað í takt við tímann. Lesskilningur snýst ekki aðeins um að skilja það sem maður les heldur að geta unnið úr því. OECD ítrekaði í tengslum við PISA-könnunina 2018 að mælingar á lesskilningi snerust um meira en að lesa og skilja. Nemendur þyrftu að geta sett textann í samhengi og dregið ályktanir út frá þeirri þekkingu sem þeir byggju yfir. Þeir þyrftu að geta greint sjónarhorn höfundarins og áttað sig á hvort textinn væri áreiðanlegur og réttur og hvort hann skipti máli fyrir það sem

þeir eru að gera (OECD, 2019). Hin formlega skilgreining sem lögð var til grundvallar lesskilningsprófunum 2018 var orðuð þannig: Lesskilningur er „... hæfni til að skilja, meta, nýta sér, ígrunda og ástunda lestur á rituðum texta í þeim tilgangi að ná markmiðum sínum, þróa þekkingu sína og hæfni og taka virkan þátt í samfélaginu“ (Menntamálastofnun, 2019).

Þegar þessi skilgreining á djúpum lesskilningi er lögð til grundvallar verður útkoman sú að vanir lesendur standa sig betur en óvanir, þeir eiga auðveldara með að átta sig á nýjum orðum út frá samhenginu og gera þær tengingar sem þarf til að draga ályktanir. Segja má að lesskilningskönnun PISA mæli fyrst og fremst hversu víðlesin börnin eru; hversu mikið þau ástunda lestur. Þar vinna stúlkurnar í öllum þátttökuríkjum OECD; í hverju einasta ríki urðu stúlkur ofar drengjum, eins og fram kom í svari ráðherra á Alþingi (Þingskjal nr. 1455/2020–2021). Þessi kynjamunur í lesskilningi endurspeglar sem fyrr segir þann kynjamun í lestrarþjálfun sem kemur skýrt fram í fjölþjóðlegum mælingum á lestrarvenjum. Evrópska ESPAD-rannsóknin sýnir t.d. að stúlkur lesa að jafnaði oftar bækur en drengir í öllum þátttökulöndunum (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012, 2017).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu sviði á undanförunum árum sem dýpkað hafa skilning á samspili lesskilnings og annarra þátta. Freyja Birgisdóttir (2016) sýndi fram á að orðaforði er langsterkasti forspárþátturinn fyrir slakt gengi í lesskilningi í PISA-könnunum. Freyja setur slakan orðaforða í samhengi við lítinn lestur og bendir á að meirihluti þeirra nemenda sem sitja á lægstu hæfnisþrepunum lesi aldrei sér til gamans, almennt lesi þessi hópur sjaldnar utan skóla en aðrir nemendur og fábreyttara efni, auk þess sem viðhorf þessara nemenda til lestrar sé almennt neikvæðara.

Lesskilningur hefur einnig verið skoðaður út frá virkni nemenda en rannsóknir á virkri þátttöku nemenda í skólastarfi sýna mikinn kynjamun stúlkum í hag, rétt eins og rannsóknir á lesskilningi. Sigrún Jónatansdóttir, Kristján Ketill Stefánsson, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir (2017) sýndu fram á að kynjamun í lesskilningi á unglingsstigi væri hægt að skýra með almennt meiri þátttöku stúlkna og almennt minni þátttöku drengja í skólastarfi. Þau benda því á að gagnlegt geti verið að huga sérstaklega að stuðningi við virka þátttöku í skólastarfi til viðbótar við aðra þætti kennslu.

Þá hafa rannsóknir einnig beinst að yngri nemendum. Þannig sýndu Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir (2018) fram á að framfarir í lesskilningi milli 5. og 6. bekkjar tengjast ekki aðeins færni í lestri heldur líka lestraráhugahvöt. Stúlkur á þessum aldri hafa að meðaltali meiri lestraráhuga en drengir og forðast síður lestur. Þær benda á að sambandið virkar í báðar áttir, góð færni í lestri ýtir undir áhuga og áhugi á lestri eflir færni.

Ástundun og áhugi virðast því vera lykilorð við eflingu læsis. Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að unnið sé með þessa þætti því námskráin gerir ráð fyrir að nemendur læri ekki aðeins að lesa heldur „verði lesendur“ í grunnskólanum. Þannig er gert ráð fyrir að nemendur eflist jafnt og þétt sem sjálfstæðir lesendur, t.d. er ætlast til þess að þeir þjálfist í að velja sér lesefni. Hæfniviðmið aðalnámskrár gera ráð fyrir að við lok 7. bekkjar geti nemandi lesið gamlar og nýjar bókmenntir, m.a. „bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum“ og hann á að geta valið sér „fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju“. Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir, og hann á að geta „valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 102–103).

Þessi mótunarþáttur virðist þó mæta afgangi í skólastarfinu. Eins og rakið er í skýrslu Menntamálastofnunar um PISA-könnunina 2018 (Menntamálastofnun, 2019) ber rannsóknun saman um að dregið sé úr markvissum áherslum í lestri eftir 3.–4. bekk. Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl. (2009) orða það svo að á mið- og unglingsstigi sé ekki lengur um eiginlega lestrarkennslu að ræða og stefnuleysi ríkjandi í lestrarmálum. Stefnuleysi eða ráðaleysi var einnig nefnt í rannsókninni *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* (ÍNOK). Hugtakið lesskilningur reyndist valda togstreitu í skólastarfi og skilgreining þess vera á reiki. Kennarar sem rætt var við lýstu ítrekað yfir áhyggjum af lestrarvenjum nemenda, þeir höfðu reynt ýmsar leiðir til að fá nemendur til að lesa og kölluðu eftir björgum (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018).

ÍNOK-rannsóknin sýndi enn fremur að hin neikvæða opinbera orðræða um árangur í PISA-könnunum hefur haft áhrif inn í skólana, ekki aðeins á kennarana heldur einnig viðhorf nemenda (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018). Þetta er áhyggjuefni því viðhorf nemenda til lestrar hafa áhrif á hvort þeir sækjast í eða forðast lestur. Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir (2018) nota hugtakið lestrarfærni um það að forðast lestur. Þær sýna fram á að kynjamunur kemur fram bæði í lestraráhuga og lestrarfærni á miðstigi, stúlkur hafa að jafnaði meiri lestraráhuga en drengir sýna að meðaltali meiri lestrarfærni. Hvort tveggja tengist síðan árangri í lesskilningi, lestraráhuginn á jákvæðan hátt en lestrarfærnin á neikvæðan hátt.

Eins og þær Hafdís Guðrún, Freyja og Steinunn (2018) benda á felst mikill ávinningur í að vekja áhuga nemenda á lestri og viðhalda honum. Það skiptir ekki síður máli að koma í veg fyrir að nemendur fari að forðast lestur eða lestrartengdar athafnir. Ýta þurfi undir lestraráhuga með því að sjá til þess að nemendur hafi aðgang að áhugaverðu efni og gæta þess að þeir forðist ekki lestrartengdar athafnir. OECD (2011) benti á það sama eftir PISA-könnunina 2009; að það væri áskorun fyrir foreldra og kennara að kveikja áhuga barna á lestri með því að útvega þeim lesefni sem þeim fyndist bæði áhugavert og skipta máli. ÍNOK-rannsóknin gefur vísbendingar um veika stöðu barna- og unglingabóka í skólunum. Fæstar bókanna sem unnið er með á mið- og unglingastigi eru barna- eða ungmennabækur; bækur sem teknar eru inn í kennsluna eru oft gamlar og bókavalið kennaramiðað. Þótt yndislestur sé víða kominn á dagskrá er lítið gert með bækur sem nemendur lesa sér til gamans. Skólasöfnin ná heldur ekki að fullnægja þörf nemenda fyrir fjölbreytt og spennandi lesefni en allir skólastjórnendur sem rætt er við í ÍNOK-rannsókninni harma slæma stöðu skólasafnanna. Að sama skapi er umhverfi nemenda ekki nýtt til að vekja athygli á bókmenntum sem stílaðar eru á unga lesendur. Barnabækur sáust helst í skólastofum á yngsta stigi en bókum fyrir viðkomandi aldur fækkaði eftir því sem nemendur eltust. Þannig sáust engar unglingabækur í kennslustofum á unglingastigi eða í framhaldsskólum. Viðhorf nemenda til lestrar urðu að sama skapi neikvæðari eftir aldri, hópur ungmenna upplifir enga ánægju af lestri og tengir orðið bókmenntir við „leiðinleg skólaverkefni“ (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018; Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018).

Rannsóknir á námsumhverfi og kennsluháttum kallast þannig á við rannsóknir á viðhorfum nemenda til lestrar og lestrartengdra verkefna. Soffía Vagnsdóttir (2021) bendir á að nemendur hafa sterkar skoðanir á hvornig haga beri kennslunni. Nemendur vilja hafa meira val um hvað þeir læra og finnst þeir sjaldan fá að velja sér viðfangsefni. Samvinnunám höfðar vel til nemenda en miklum meirihluta, eða níu af hverjum tíu, finnst mjög gaman eða frekar gaman að vinna í hópavinnu. Sama hlutfall telur mikilvægt eða mjög mikilvægt að vinna út frá skapandi hugsun. Skapandi nálgun kemur líka fyrir í ÍNOK-rannsókninni; þær kennsluáðferðir sem virtust gefast vel við kennslu bókmennta kröfðust skapandi nálgunar eða tengdu saman bókmenntir og aðrar listgreinar. Athygli vakti hversu margir nemendanna sem rætt var við í ÍNOK-rannsókninni reyndust eiga erfitt með að tala um bókmenntir, enda sáu kennarar ekki endilega tilgang í að kenna bókmenntafræði. Nokkrir kennarar sögðust þó hafa náð árangri í slíkri kennslu með því að tengja hugtökin við kvikmyndir eða eigin verk nemenda (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018).

Ljóst er að snemma byrjar að draga í sundur með þeim sem lesa sér til ánægju og fá með því samfellda lestrarþjálfun og sívaxandi ritmálsorðaförða og hinna sem forðast lestur. Áhugi og árangur fara saman þegar unnið er með læsi, og að sama skapi kallast áhugaleysi á við lestrarfærni og leiða. Það hlýtur því að teljast mikilvægt að afla upplýsinga og greina hvað vekur lestraráhuga nemenda. Að sama skapi er mikilvægt að skrásetja og ígrunda þau lestrarhvetjandi verkefni sem reynd hafa verið í skólastarfi.

Myndbandasamkeppnin Siljan

Árið 2013 fékk Barnabókasetur styrk úr Barnamenningarsjóði fyrir verkefni sem efla skyldi lestraráhuga og beina sjónum að barna- og unglingabókum. Verkefnið kallaðist „Siljan – sjónvarpsþáttur um barnabókmenntir á netinu“ (Rannís, 2013) en þar myndu ungir lesendur tjá sig um barnabækur. Áherslan var lögð á að börn yrðu ekki þiggiendur eða áhorfendur þessa efnis heldur grendur. „Hlut-

verk gerandans skapar áhuga en hlutverk þiggjandans er líklegt til að drepa niður áhuga,“ eins og Kristján Jóhann Jónsson (2013) orðar það í grein sinni um lestur og bókmenntakennslu.

Siljan var kynnt til sögunnar skólaárið 2014–2015 og þá sem samkeppni um gerð bókamyndbanda. Ákveðið var að reglur Siljunnar skyldu vera einfaldar: Þátttakendur myndu velja sér nýja eða nýlega barna- eða ungmennabók á íslensku og búa til tveggja til þriggja mínútna myndband um hana. Börnin gætu unnið ein eða í hópi og hefðu algerlega frjálssar hendur um efnistöð. Aðalatriðið væri að þau læsu og notuðu hugmyndaflugnið og tæknina. Þannig var fyrsta keppnin auglýst (Háskólinn á Akureyri, 2015). Fjallað var um keppnina og hugmyndafræðina sem hún byggðist á í *Skólavörðunni* í desember 2015. Þar er minnt á mikilvægi jákvæðrar nálgunar í lestrarmálunum og að byggja upp smitandi lestrargleði í barnahópnum (Krakkar bestir í að toga aðra krakka að lestri, 2015). Jafnframt er rætt um stöðu skólasafnanna og þátt Siljunnar í að rétta hlut þeirra.

Í aðdraganda Siljunnar lá fyrir að staða skólasafna landsins væri slæm. Söfnin höfðu flest orðið fyrir harkalegum niðurskurði við efnahagshrunið 2008 sem enn hafði ekki skilað sér til baka. Bóka-kaupafé var verulega ábótavant (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2011). Ljóst var að erfitt yrði að vinna að lestrarhvatningu án öflugra skólasafna; þau yrðu að hafa bókakost sem höfðaði til barna. Barnabókasetur ákvað því að aðalverðlaunin í Siljunni skyldu falla skólasafni sigurvegaranna í skaut og leitaði til Félags íslenskra bókaútgefenda um samstarf. Úr varð að félagið lagði til verðlaunafé í formi bókaúttektar að verðmæti 100.000 krónur.

Frá skólaárinu 2015–2016 hefur keppnin verið haldin í tveimur flokkum, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Sigurvegarar í hvorum flokki hafa aflað skólasafninu sínu eitt hundrad þúsund króna bókaúttektar, oftast með stuðningi Félags íslenskra bókaútgefenda. Dómnefnd hefur verið skipuð í hvert sinn og áhersla lögð á að sýna vinnu barnanna virðingu með því að kalla saman fólk með fagþekkingu á sviðinu. Þannig hafa leikarar, kvikmyndagerðarfólk, sjónvarpsfólk, rithöfundar og kennarar setið í dómnefnd Siljunnar, valið þrjú bestu myndböndin í hvorum flokki og skrifað um þau umsögn.

Siljan hefur nú verið haldin sex sinnum og skólasöfn sigurvegaranna hafa fengið samtals 1.100.000 króna virði af yndislestrarbókum. Hundrad þúsund krónurnar sem hvert safn hefur fengið til bóka-kaupa hafa skipt sköpum. Í einum skólanum var nefnt við aðstandendur keppninnar að upphæðin væri hærri en skólasafnið hefði fengið til bóka-kaupa það árið. Í öðrum skóla var sagt að bókaúttektin tryggði að hægt væri að ráðast í yndislestrarátak í skólanum; loksins yrði hægt að kaupa nýjar bækur. Þau skilyrði voru sett strax í upphafi að nemendurnir sem tryggðu skólasöfnunum bókaúttekt fengju að hafa sitt að segja um hvaða bækur yrðu keyptar. Barnabókasetur leggur mikla áherslu á að það séu bækur sem börn langi til að lesa, ekki handbækur eða orðabækur þótt skólann kunni að vanta þær. Sigurvegararnir fá því að mynda bókaráð með skólasafnskennaranum og að sama skapi fá þeir að vera viðstaddir þegar stóri bókakassinn þeirra kemur í hús. Markmiðið með þessu er að gera barnabækur sýnilegri og hampa lestrarhestunum þannig að myndist stemning kringum sigurvegarana. Verðlaunin eru afhent með viðhöfn í viðkomandi skóla og sigurmyndbandið sýnt við það tækifæri. Í mörgum tilfellum hefur heilum árgangi verið boðið, jafnvel öllu viðkomandi skólastigi. Í minnsta sigurskólanum var öllum nemendum skólans boðið á verðlaunaafhendinguna. Sigurvegararnir fá seinna að fylla hillur skólasafnsins. Sums staðar hafa þeir fengið að bjóða bekknum sínum með eða búa til myndband um komu bókakassanna. Þá njóta þeir endurnýjaðrar athygli fyrir bókaáhuga og smita frá sér ánægju yfir nýuppteknum bókum.

Sigurvegarar í Siljunni 2015–2021

Fyrsta Siljan var haldin í tilraunaskyni vorið 2015. Keppnin náði aðeins til grunnskólanna í Eyjafirði, það er í nærumhverfi Barnabókaseturs, og gátu nemendur í 5.–10. bekk tekið þátt. Keppnin var auglýst með veggspjöldum sem send voru til skólanna á svæðinu. Níu myndbönd bárust, flest frá Akureyri en einnig frá Svalbarðseyri og Grímsey þar sem allir sex nemendur skólans í 5.–8. bekk unnu saman að viðfangsefninu. Það voru hins vegar tveir piltar úr 7. og 10. bekk Glerárskóla sem báru sigur úr bítum með glettnu myndbandi um Brosbókina eftir Jónu Valborgu Árnadóttur. Skólinn

fagnaði sigri þeirra á vefsíðu sinni og aftur þegar bókakassinn barst til skólasafnsins (Glerárskóli, 2015a, 2015b).

Viðbrögðin við fyrstu Siljunni gáfu tilefni til að þróa verkefnið áfram. Siljan 2016 var opin nemendum um allt land og voru veggspjöld send til allra grunnskóla á landinu. Keppninni var skipt í tvo aldursflokka, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Yfir fimmtíu myndbönd bárust í keppnina, víðs vegar að af landinu. Þarna höfðu nokkrir kennarar gripið keppnina sem skólaverkefni og því bárust allmörg myndbönd frá sumum skólum. Tveir nemendur í Brekkuskóla á Akureyri sigruðu í eldri flokki með hrollvekjandi myndbandi um Vetrafri Hildar Knútsdóttur, en í yngri flokki sigruðu stúlkur í Ingunnarskóla í Reykjavík, sem völdu bókina *Gummi og huldufólkið* eftir Dagbjörtu Ásgeirsdóttur (Verðlaun veitt í Siljunni, 2016).

Siljan var haldin með sama sniði upp frá þessu og var þátttaka jöfn næstu árin, 50–60 myndbönd bárust í hverja keppni. Árið 2017 sigruðu nemendur í 5. bekk Bláskógaskóla í Reykholti í yngri flokki en allir nemendur árgangsins unnu saman að myndbandi um bókina Rúnar góði eftir Hönnu Borg Jónsdóttur. Myndbandsgerðin var liður í þemavinnu árgangsins um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Bláskógaskóli fékk viðurkenningu fyrir myndband, 2017). Þetta ár voru sigurhóparnir fjölmennir, myndband Bláskógaskóla gerði blandaður 11 barna hópur, en sigurmyndbandið í eldri flokki var unnið af átta stúlkna hópi úr 8. bekk Vogaskóla í Reykjavík, sem bjó til bráðfyndið myndband um *Mömmu klikk* eftir Gunnar Helgason (KrakkaRÚV, 2017).

Árið 2018 sigruðu þrjár stúlkur úr Kelduskóla í Reykjavík með tilfinningaríku myndbandi um bókina *Vertu ósýnilegur – flóttasaga Ishmaels* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Í yngri flokki sigruðu þrjár stúlkur úr Seljaskóla í Reykjavík sem unnu með bókina *Skóladraugurinn* eftir Ingu Mekkin Beck. Dröfn Vilhjálmsdóttir skólasafnskennari í Seljaskóla gerði skemmtilegt myndband um komu bókakassans á skólasafnið sem sjá má hér: <https://www.facebook.com/watch/?v=1955274941451326> Sigurvegararnir úr Seljaskóla voru síðan í forsíðuviðtali í *Barnablaði Morgunblaðsins*, 17. júní 2018 (Unnu bækur fyrir hundrad þúsund krónur, 2018). Hefðu þátttökuverðlaun verið veitt þetta árið hefðu þau runnið til Vallaskóla á Selfossi en þar tók leiklistarkennari keppnina upp á sína arma. Árangurinn varð sá að nemendur skólans urðu í þriðja sæti í báðum flokkum (Vallaskóli, e.d.).

Árið 2019 gekk Borgarbókasafnið í Reykjavík til liðs við Barnabókasetur við framkvæmd keppninnar. Nú var aftur komið að Brekkuskóla á Akureyri að fylla hillur skólasafnsins en í eldri flokki sigraði fimm manna blandaður Brekkuskólahópur með hádramatískri stiklu um spennutryllinn *Rotturnar* eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur. Í yngri flokki sigraði átta manna blandaður hópur úr Laugarnesskóla í Reykjavík sem gerði spennandi stuttmynd með flottum tæknibrellum um *Handbók fyrir ofurbetjur* eftir Elias og Agnes Váhlund. Þegar hér var komið sögu var Mennta- og menningarmálaráðuneytið orðið styrktaraðili keppninnar.

Árið 2020 fór keppnin hreinlega í kófið, skólastarf var í uppnámi og heimaskólarnir með sínum samkomutakmörkunum reyndust ekki rétti vettvangurinn þrátt fyrir smellið slagorð: Lestur er líka smitandi (Barnabókasetur, 2020). Þá setti strik í reikninginn að bókaútfendur drógu sig í hlé vegna óvissu um stöðuna. Á endanum var keppnin slegin af það árið.

Strax í upphafi skólastarfs haustið 2020 var Barnabókasetur farið að fá fyrirspurnir frá kennurum um hvort af Siljunni yrði skólaárið 2020–2021. Þegar nýr styrkur fékkst frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem tryggði að skólasafnaverðlaunin gætu haldist óbreytt þrátt fyrir að útfendur sætu hjá var ákveðið að drífa verkefnið af stað. Ýmislegt varð þó fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum, veggspjöld voru til dæmis ekki prentuð en þess í stað reynt að ná til kennara á samfélagsmiðlum, fyrst og fremst í kennarasamfélögum á Facebook eins og Félagi fagfólks á skólasöfnum, Skólaumbóta-spjallinu, Samtökum móðurmálskennara og Upplýsingatækni í skólastarfi. Umgjörð keppninnar var jafnframt gerð algjörlega rafræn og *Bókatiðindi* tengd við vefsíðu Barnabókaseturs til að auðvelda börnum að kynna sér bókaútgáfuna og velja sér bækur. Um leið var búin til rafræn innsendileið á síðunni þar sem þátttakendur gátu sent inn slóð á myndband ásamt viðeigandi upplýsingum. Þorri myndbandanna barst þó með sama hætti og áður, gegnum tölvupóst með milligöngu kennara.

Keppnin 2021 var því lágstemmdari en áður og þátttaka að sama skapi lakari. Myndböndin sem dómnefnd fékk til skoðunar voru fimmtán. Samkomutakmarkanir komu líka í veg fyrir að stórum hópum væri boðið á verðlaunaafhendingu í skólunum en sigurvegarar voru þó krýndir og virkjaðir til að velja bækur fyrir verðlaunaféð. Í yngri flokki sigruðu fimm stúlkur úr Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ með hugmyndaríku myndbandi um bók Ævars Þórs Benediktssonar, *Þín eigin saga: Piparkökubúsið*. Í eldri flokki þrjár sigruðu stúlkur úr Austurbæjarskóla með fagmannlega unninni stuttmyndaútgáfu af *Blokkinni á heimsenda* eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur.

Sigurmyndbönd Siljunnar ásamt umsögnum dómnefnda má finna á vef Barnabókaseturs (www.barnabokasetur.is) og á Facebook-síðu setursins. Þar að auki eru eldri myndbönd keppinnar á Youtube, flokkuð sem „Siljan myndbönd“. Eftir gildistöku nýrra persónuverndarlaga (nr. 90/2018) var hins vegar ekki gert ráð fyrir að nemendur vistuðu myndbönd sín á opnum samfélagsrásum.

Gagnasafnið: Myndbandasafn Siljunnar

Myndböndin sem skilað hefur verið inn í Siljuna eru 230 talsins. Barnabókasetur hefur frá upphafi varðveitt upplýsingar um innsend myndbönd; kyn höfunda (ályktað út frá nöfnum), bekk, skóla og bókarval.

Að baki þessum 230 myndböndum standa hátt í 800 nemendur. Skráðir þátttakendur eru 728, þar af 434 stúlkur og 294 drengir. Auk þess eru tveir heilir bekkir skráðir höfundar svo áætla má að þátttakendur séu um 760–770.

Langflest myndbandanna eru unnin af hópum, eða 210 myndbönd, en 20 eru einstaklingsmyndbönd. Þegar nánar er rýnt í kynjaskiptinguna kemur í ljós að 106 myndbönd eru eingöngu unnin af stúlkum, einum eða í hreinum stúlknaþópum, 78 eru eingöngu unnin af drengjum, einum eða í hreinum drengjahópum, og 46 eru unnin af blönduðum hópum. Meðal blönduðu hópanna eru fyrrnefndir tveir bekkir þar sem kennarar skráðu bekkinn sinn til þátttöku án þess að nafngreina nemendurna.

Siljan er opin nemendum í 5.–10. bekk en að fyrsta árinu undanskildu hefur verið keppt í tveimur flokkum, miðstigi grunnskóla eða 5.–7. bekk og elsta stigi grunnskóla eða 8.–10. bekk. Þegar öllum myndböndunum 230 er skipt eftir þessum meginlínunum kemur í ljós að 47 þeirra eru unnin af nemendum á eldra stiginu eða í 8.–10. bekk en 181 af nemendum á yngra stigi eða í 5.–7. bekk. Auk þess er eitt myndband unnið af blönduðum hópi 5.–8. bekkinga og eitt unnu nemendur úr 7. og 10. bekk saman.

Myndböndin 230 fjalla um 117 bækur, sumar bækur koma fyrir í einu eða tveimur myndböndum en sú vinsælasta í 16 myndböndum. Af þessum 117 bókum eru 27 skilgreindar sem ungmennabækur samkvæmt bókaútgefendum, tíu eru skilgreindar sem myndabækur og fjórar sem fræðibækur fyrir börn. Hinar 76 eru „hefðbundnar barnabækur“ eða skáldverk fyrir um það bil 6–12 ára lesendur.

Sá höfundur sem nýtur mestra vinsælda Siljukeppenda er Gunnar Helgason. Alls eru 36 myndbönd í safninu um sex bækur eftir Gunnar, vinsælust bóka hans er *Mamma klikk* en 16 myndbönd eru um hana. Sex myndbönd eru um *Ömmu best*, fimm um *Pabba prófessor* og þrjú um *Sigga sítrónu*. Þá eru 6 myndbönd um fótboltabækur Gunnars, þar af fimm um *Gula spjaldið í Gautaborg*.

Næstur í vinsældaröðinni er Ævar Þór Benediktsson en í safninu eru 30 myndbönd um átta bækur eftir hann. Af þeim eru 27 myndbönd um bækur í *Þín eigin* bókaflokknum, þar af eitt um léttlestrarútgáfuna Þitt eigið *piparkökubús*. Þrjú myndbönd eru um bók í flokknum *Bernskubrek Ævars víndamanns*.

Þriðji í röðinni er David Walliams en 17 myndbönd eru í safninu um átta bækur eftir hann. Þessir þrjú höfundar tengjast því samanlagt 83 myndböndum af 230 í safninu, eða 36%.

Þessir þrír höfundar eiga einnig flesta bókartitla. Í safninu eru myndbönd við átta bækur eftir Ævar Þór Benediktsson, átta bækur eftir David Walliams og sex bækur eftir Gunnar Helgason.

Næstir á listanum eru Þorgrímur Þráinsson og Jeff Kinney sem tengjast níu myndböndum hvor. Sjö af myndböndunum um bækur Þorgríms eru um *Henri* bókaflokkinn. Myndböndin um bækur Jeff Kinney eru um fimm titla í bókaflokknum um *Kidda klaufa*.

Átta myndbönd eru um fjóra titla í ráðgátubókaflokki Martins Widmark og Helenu Willis. Helena Willis er þar með sú kona sem oftast kemur fyrir á höfundalistanum. Hildur Knútsdóttir er höfundur bóka í sex myndböndum, þrjú af þeim eru um hrollvekjuna *Vetrarfrí* og eitt um framhaldsbókina *Vetrarhörkur*.

Fimm myndbönd eru um bækur í flokknum *Leyndarmál Lindu* eftir Rachel Renée Russell. Einnig eru fimm myndbönd um bókaflokkinn *Orra óstöðvandi* eftir Bjarna Fritzson.

Fjögur myndbönd eru um bókina *Skóladraugurinn* eftir Ingu Mekkin Beck. Þá eru þrjú myndbönd um *Leitina að tilgangi unglingsins* eftir Bryndísi Björgvinsdóttur, Óla Gunnar Gunnarsson og Arnór Björnsson, og þrjú myndbönd um þrjár *Skúla skelfis* bækur eftir Francesco Simon. Aðrir höfundar og titlar koma sjaldnar fyrir.

Bókaval í Siljunni, bóksala og skólasöfn

Þátttakendur í Siljunni velja sér sjálfir bækur til að skapa út frá. Gera má ráð fyrir að bókavalið endurspegli bókmenntasmekk barna og unglunga og ekki síður vinsældir ákveðinna bóka í barnasamfélaginu. Það er því áhugavert er að bera saman bókaval þátttakenda í Siljunni og metsölulista barna- og ungmennabóka annars vegar og útlánatölur skólasafnanna hins vegar.

Félag íslenskra bókaútgefenda tekur saman árlista bóksölu og birtir á vefsíðu sinni fibut.is. Árslistararnir eru greindir eftir bókmenntategundum; barnabækur, ungmennabækur, skáldverk, ljóð o.s.frv.. Þar sem engar sölutölur fylgja árlistunum er erfitt að bera saman sölu barnabóka annars vegar og ungmennabóka hins vegar og því er hér miðað við barna- og ungmennabækur sem ná inn á heildarlistann yfir söluhæstu titla landsins.

Siljan hófst vorið 2015 og þátttakendur gátu valið bækur sem komu út næstliðin þrjú ár. Það ár voru bækur frá 2012–2014 í boði, í Siljunni 2016 voru það bækur útgefnar 2013–2015 o.s.frv. Elstu bækurnar í myndbandasafni Siljunnar komu því út 2012. Elstu metsölulistarnir á vefsíðu Félags bókaútgefenda eru hins vegar fyrir árið 2013. Ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir varðandi árið 2012 en benda þó til þess að *Aukaspyrna á Akureyri* eftir Gunnar Helgason hafi verið söluhæsta barnabók ársins og sú eina sem náði inn á heildarlistann, auk *Heimilisréttabókar Disney* (upplýsingar fengnar með tölvupósti).

Árið 2013 var *Visindabók Villa* eftir Vilhelm Anton Jónsson söluhæsta barna- eða ungmennabókin (í 3. sæti á heildarlistanum) en *Rangstaður í Reykjavík* eftir Gunnar Helgason var í öðru sæti (í 9. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2013).

Árið 2014 var *Gula spjaldið í Gautaborg* eftir Gunnar Helgason í efsta sæti (4. sæti á heildarlistanum) og *Þín eigin þjóðsaga* eftir Ævar Þór Benediktsson í öðru sæti (6. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda 2014a).

Söluhæsta barna- eða ungmennabókin 2015 var *Mamma klikk* eftir Gunnar Helgason (3. sæti á heildarlistanum) en *Þín eigin godsaga* eftir Ævar Þór Benediktsson var í öðru sæti (í 5. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2015).

Árið 2016 seldist *Pabbi prófessor* eftir Gunnar Helgason mest allra barna- og ungmennabóka (í 3. sæti á heildarlistanum) en í öðru sæti var *Þín eigin hrollvekja* eftir Ævar Þór Benediktsson (í 5. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2016).

Árið 2017 var *Amma best* eftir Gunnar Helgason söluhæsta barna- eða ungmennabókin (í 3. sæti á heildarlistanum) en *Pitt eigið ævintýri* eftir Ævar Þór Benediktsson var í öðru sæti (í 4. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2017).

Siggi sítróna eftir Gunnar Helgason var mest selda barna- og ungmennabókin 2018 (í 5. sæti á heildarlistanum) en *Pitt eigið tímaferðalag* Ævars Þórs Benediktssonar var í öðru sæti (í 7. sæti á heildarlistanum). Í þriðja sæti var fyrsta bókin um *Orra óstöðvandi* eftir Bjarna Fritzon (í 12. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2018).

Árið 2019 seldist *Pinn eigin tölvuleikur* eftir Ævar Þór Benediktsson best (í 4. sæti á heildarlistanum) en *Orri óstöðvandi – hefnd gleponanna* eftir Bjarna Fritzon var í öðru sæti (6. sæti á heildarlistanum) (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2019).

Bjarni Fritzon náði efsta sætinu 2020 en *Orri óstöðvandi – Bókin hennar Möggu Messi* seldist mest allra barna- og ungmennabóka (í fimmta sæti á heildarlistanum). *Pín eigin undirdjúp* eftir Ævar Þór Benediktsson var í þriðja sæti (10. sæti á heildarlistanum) á eftir *Syngdu með Láru og Ljónsa* eftir Birgittu Haukdal (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2020).

Bókaval þátttakenda í Siljunni endurspeglar að verulegu leyti söluhlustana. Eins og rakið er hér hafa Gunnar Helgason og Ævar Þór Benediktsson löngum setið í efstu sætum listanna. Gunnar var í fyrsta sæti en Ævar Þór í öðru sæti öll árin 2014–2018, Gunnar var auk þess í fyrsta sæti 2012 og í öðru sæti 2013 og Ævar Þór í fyrsta sæti 2019. Það kemur því ekki á óvart að þeir tveir skuli njóta mestra vinsælda í Siljunni en Gunnar og Ævar Þór eru höfundar bókanna í 66 myndböndum eða 27% heildarinnar. Gunnar er auk þess höfundur vinsælustu bókarinnar; *Mömmu klikk*.

Síðustu ár hefur Bjarni Fritzon notið vaxandi vinsælda, samkvæmt metsöluhlustum. Orri óstöðvandi nýtur líka vaxandi vinsælda í keppninni en þrjú af myndböndunum fimm um Orra eru um *Bókina hennar Möggu Messi* sem kom út 2020. Athyglisvert er að engin myndbönd bárust um tvær nýjustu bækur Gunnars Helgasonar; *Draumaþjófinn* (2019) og *Barnaræningjann* (2020). Þessar tvær bækur enduðu líka mun neðar á söluhlustum en fyrri bækur Gunnars; *Stellu bókaflokkurinn* og *Fótboltasagan mikla*. Ævar Þór Benediktsson hefur hins vegar haldið sínu, bæði á söluhlustunum og í Siljunni.

David Walliams er vinsæll höfundur en vinsældir hans í Siljunni eru þó umfram það sem búast mátti við út frá söluhlustum. Bækur hans hafa setið í 5.–7. sæti á lista yfir mest seldu barnabækurnar en sjaldnast náð inn á heildarlistann yfir 20 söluhæstu bækur ársins. Hann er hins vegar, eins og Gunnar og Ævar Þór, mikilvirkur höfundur og ný bók kemur út eftir hann á hverju ári, stundum tvær. Lesendur hans vita að hverju þeir ganga og geta alltaf fundið nýja bók að glíma við.

Útlánatölur skólasafnanna sýna talsvert aðra mynd. Leitarvél Landskerfis bókasafna sýnir að engar bækur frumsamdar á íslensku komust inn á lista yfir tíu vinsælustu ritin í bókasöfnum grunnskólanna á árunum 2013–2020, en útlánatölur fyrir 2012 eru ekki til. Syrpur virðast vera langvinsælasta efnið sem börnin taka út í skólanum þar sem þær eru síðustu árin allar skráðar sem einn titill. Bókaflokkurinn um *Kidda klaufu* eftir Jeff Kinney er þó mun vinsælli þar sem hver titill er skráður sér. Á listanum yfir vinsælasta efnið 2020 eru *Syrpur* nr. 1 en *Kidda klaufa* bækur í sætum 2–5 og 8–10. *Hundmann* eftir Dav Pilkey og *Handbók fyrir ofurhetjur* eftir Elias og Agnes Váhlund eru í sætum 6 og 7. Árið 2019 voru *Syrpurnar* nr. 1 en *Handbók fyrir ofurhetjur* nr. 2, 4 og 8 og *Kidda klaufa* bækur í 3., 5.–7. og 9.–10. sæti. Árið 2018 voru *Syrpurnar* í 1. sæti en *Kiddi klaufi* í öllum öðrum sætum. Árið 2017 voru *Syrpur* í 1. og 9. sæti (Syrpa 2009 skráð sér), en *Kiddi klaufi* í öllum öðrum sætum. Fleiri *Syrpur* eru á eldri listum, áður en farið var að skrá þær sem einn titill. *Kiddi klaufi* er þó vinsælastur ásamt *Syrpunum* en aðrir titlar sem sjást á listum eru *Kafteinn ofurbrók* eftir Dav Pilkey og tímaritið *Galdrastelpur* W.I.T.C.H. (2013), *Úkk og Glúkk* eftir Dav Pilkey og *Skúli skelfir* eftir Fransescu Simon (2014), og *Hans og Gréta* (2016) (Landskerfi bókasafna, e.d.).

Kynjaskekkja og unglíngavandi

Því er stundum haldið fram að drengir lesi minna en stúlkur því barnabókaútgáfan sé kvenlæg, höfundar barnabóka séu mikið til konur, söguhetjurnar stúlkur og bækurnar höfði ekki til drengja (sjá t.d. Lipsyte, 2011). Yfirlitið hér að framan kveður slíkar kenningar í kútinn. Karlhöfundar ráða ríkjum á öllum þremur sviðunum; í Siljunni, á metsölulistunum og á skólasöfnunum. Í norrænni úttekt á PISA-könnuninni 2009 var sjónum beint að stöðu drengja í lestri. Meðal annars var lagt til að kennarar á Norðurlöndunum legðu sig fram við að ná til drengja og að bjóða þyrfti upp á lesefni sem höfðaði til drengja (Nordic Council of Ministers, 2012). Siljan nær til útgáfuáranna 2012–2020 og myndbandasafn hennar svarar því að einhverju leyti hvort þær bækur sem skólabörn hafa aðgang að héraendis eru „drengjavænar“. Útlánatölur skólasafnanna svara því þó enn betur. Einu kvenkyns söguhetjurnar á topp-tíu útlánalistum skólasafnanna sl. átta ár eru Galdrastelpurnar og Gréta, auk Andrésínu, ömmu andar og örfárra annarra kvenkyns íbúa Andabæjar. Reyndar má efast um að Gréta eigi heima á listanum, skráning þeirrar bókar stingur í stúf, þannig er útgáfuárið 1900 og öll útlán hennar skráð á skólasöfnin á Suðurlandi/Suðurnesjum þar sem hún er næstum þrefalt vinsælli en *Syrpur* eða *Kiddi klaufi*. Næsta bók inn á listann í þessum landshluta er enn ein *Kidda klaufa* bók-in svo heildarmyndin væri óbreytt þótt *Hans og Gréta* væru tekin út. Einu kvenhöfundarnir á lista skólasafnanna eru Fransesca Simon, höfundur *Skúla skelfis*, sem krækti í 10. sætið 2014 og myndhöfundurinn Agnes Váhlund sem skapar *Handbók fyrir ofurhetjur* ásamt manni sínum, Eliasi Váhlund, en bækur úr flokki þeirra komust á listana 2019 og 2020.

Fyrirfram var búist við ákveðinni kynjaskekkju í Siljunni. Reiknað var með að stúlkur tækju frekar þátt en drengir í lestrartengdu verkefni. Þar var horft til rannsókna á lestrarvenjum kynjanna sem sýna að lestraráhugi er almennari meðal stúlkna en drengja og að sama skapi eru þær jákvæðari í garð lestrar (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012, 2017; Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir o.fl., 2018; Logan og Johnston, 2009). Það kom því ekki á óvart að stúlkur skyldu vera í meirihluta í hópi þátttakenda í Siljunni. Hlutfall kynjanna er þó enn ójafnara en búast mátti við. Næstum helmingur myndbandanna er unninn af stúlkum, einum eða í hreinum stúlnahópum, þriðjungur af drengjum. Athygli vekur hversu lítið kynin vinna saman en aðeins eitt af hverjum fimm myndböndum er unnið af kynjablönduðum hópi. Það segir þó líklega mest um eðli vináttu á grunnskólaaldri og hvernig börn velja sér félag.

Þær bækur sem oftast koma við sögu í Siljunni eiga það allar sameiginlegt að vera seríubækur. Börn sækja í að hitta vini sína á síðum bóka, ekki síður en í raunveruleikanum. Listinn yfir vinsælustu bækurnar inniheldur *Þín eigin bækur* Ævars Þórs Benediktssonar og *Bernskubrek* Ævars vísindamanns, *Fótboltasöguna miklu* og *Stellubækur* Gunnars Helgasonar, *Henri-bækur* Þorgríms Þráinssonar, sænsku *Ráðgátuseríuna* og þekktu kappi á borð við *Kidda klaufa*, *Orra óstöðvandi* og *Skúla skelfi*. Bækur David Walliams eru ekki seríubækur en keimlíkar í útliti, stíl og jafnvel efni þannig að lesendur vita að hverju þeir ganga. Myndir Quentin Blake eiga ríkan þátt í að skapa þá seríu-ímynd sem bækurnar hafa. Langvinsælasta efnið á skólasöfnum landsins er líka í seríuflokknum; *Syrpur* og *Dagbækur Kidda klaufa*. Annað efni sem kemst á útlánalista skólasafnanna er að sama skapi úr seríum. Allt er þetta ríkulega myndskreytt efni og jafnvel í teiknimyndasagnastíl að hluta til eða öllu leyti.

Þegar lítið er til þess að það eru fyrst og fremst seríubækur sem börnin leita í má velja fyrir sér hvers vegna minna beri á konum en körlum í slíkri útgáfu á Íslandi. Bækurnar um *Leyndarmál Lindu* eftir Rachel Renée Russell og *Ráðgátubækurnar* sem Helena Willis er annar tveggja höfunda að eru vinsælasta framlag kvenna í Siljunni. Af íslenskum höfundum er það Hildur Knútsdóttir, en nemendur völdu *Vetrarfrí*, *Vetrarhörkur*, *Ljónið* og *Doddi – ekkert rugl* sem Hildur skrifaði með Þórdísi Gísladóttur. Allar þessar bækur eiga sér framhald eða forsögu.

Athygli vekur hversu fáar ungmennabækur hafa verið teknar fyrir í Siljunni. Einungis 27 af bókunum 117 eru flokkaðar sem ungmennabækur skv. útgefendum. Lakari þátttaka unglínga skýrir þetta að einhverju leyti en einungis 47 myndbönd af 230 eru unnin af nemendum í 8.–10. bekk. Fyrirfram var búist við minni þátttöku eldri hópsins þar sem vitað er að áhugi barna á lestri minnkar með aldri. Nemendur í 5.–7. bekk væru því líklegri en unglíngar til að vilja vinna lestrartengt verkefni.

Munurinn er hins vegar mikill, um átta af hverjum tíu myndböndum eru eftir miðstignemendur en einungis tvö af hverjum tíu eftir unglunga.

Lakari þátttaka unglunga getur átt sér skýringar í skipulagi skólustarfs því langflest myndbönd Siljunnar hafa orðið til sem skólaverkefni. Víðast er kennsla á unglungastigi komin í hendur sérgreina-kennara og minna svigrúm fyrir verkefni á borð við þetta ef ekki er gert ráð fyrir því við undirbúning annarinnar. Yndislestur er ef til vill á dagskrá en ekki gert ráð fyrir að hann fái þann tíma sem þarf til að vinna skapandi verkefni í framhaldinu.

Fáir ungmennabókatitlar og slök þátttaka unglunga er þó líklega fyrst og fremst til marks um það tómarúm sem lesendur á unglingsaldri eru í. Bókaútgefendur kynntu flokkinn ungmennabækur í *Bókatíðindum* 2014 (Félag íslenskra bókaútgefenda, 2014b) og fylgdu þar eftir vaxandi áhuga erlendis á því sem kallað er YA eða young adult literature. YA-bækur eru markaðssettar fyrir 13 ára og eldri en í raun lesnar af fólki fram eftir aldri og því er þetta býsna teygjanleg flokkun. Fram að þessu höfðu bækur fyrir ungmenni leynst í flokknum barna- og unglungabækur í *Bókatíðindum*. Þegar ungmennabækur voru dregnar út með þessum hætti blasti við hversu fáar bækur eru gefnar út fyrir ungmenni samanborið við hvort sem er yngri börn eða fullorðna lesendur. Árið 2014 voru sex íslenskar bækur flokkaðar sem ungmennabækur og tólf þýddar. Heildarfjöldinn hélst svipaður öll Siljuárin, en í *Bókatíðindum* 2020 eru kynntar 19 ungmennabækur. Þegar betur er að gáð eru tvær af þessum 19 Storytel-útgáfur eldri verka, tvær eru endurútgáfur af Harry Potter og ein endurútgáfa af uppseldri ungmennabók frá 2015. Nýjar íslenskar ungmennabækur eru átta, þýddar ungmennabækur, misnýjar þó, eru sex.

Þetta takmarkaða úrval ungmennabóka á væntanlega sinn þátt í óvæntu bókavali unglunga í keppninni. Af þeim 47 myndböndum sem skráð eru á nemendur í 8.–10. bekk eru tólf um bækur sem augljóslega eru ætlaðar yngri lesendum, ríkulega myndskreyttar bækur og léttlestrarbækur. Á bóka-lista Siljunnar eru tíu myndabækur sem markaðssettar eru fyrir leikskólaaldurinn, flestar valdar af eldri hópnum. Unglingarnir nálgast myndabækurnar gjarnan með húmor og hálfkæringi, eins og myndbönd 10. bekkinga um Hvolpasveit og köflótta filinn Elmar bera vott um, og síðast en ekki síst sigurmyndbandið um *Brosbókina* frá 2015 sem unnið var af nemendum í 7. og 10. bekk. Unglingsstúlkurnar sem gerðu myndband um léttlestrarbókina *Svarta kisa fer í það sýndu* hugmyndaauðgi með því að ráða kolsvartan lifandi kött í aðalhlutverkið. Þær sem gerðu myndband um bókina *Lára fer til læknis* beittu húmor, búningum og klippingum til að minna á umræðurnar sem urðu um úrelta staðalmynd hjúkrunarkonu (svo!) í bókinni.

Það má segja að unglungarnir í keppninni fari tvær leiðir að markinu, annaðhvort velja þeir ungmennabækur, draga fram dramatík og spila á tilfinningar áhorfenda með myndmáli, hljóðmynd og tónlist, eða þeir taka léttar bækur miðað við aldur og nálgast þær af kímni og kaldhæðni.

Lærdómurinn af Siljuni

Myndbandasafn Siljunnar gefur innsýn í hugarheim barna og unglunga á mið- og unglungastigi grunnskóla. Segja má að báðir hóparnir standi á lestrarlegum tímamótum. Á miðstigi er formlegri lestrarkennsla víðast lokið en krefjandi lesefni á sama tíma að aukast. Viðhorf og venjur gagnvart lestri eru að mótast; sumir nemendur mynda vináttusamband við bækur en aðrir forðast þær eins og heitan eldinn. Bilið milli þessara hópa heldur áfram að breikka upp eftir grunnskólanum. Á unglungastigi er orðinn umtalsverður munur milli þeirra sem iðka lestur og hinna sem aldrei lesa sér til ánægju. Munur á lesskilningi þessara hópa hefur reynst samsvara um einu og hálfu skólaári (OECD, 2011). Nemendur í eldri hópnum hafa því tamið sér venjur eða ósiði (!) í lestri sem fylgja munu þeim upp í framhaldsskóla þar sem þeir þurfa að takast á við bæði þyngra og viðameira lesefni.

Talsverður kynjamunur birtist í myndbandsafni Siljunnar sem endurómar þann mikla kynjamun sem rannsóknir á lestri grunnskólanemenda bæði á mið- og unglungastigi hafa leitt í ljós. Þannig mælist kynjamunur í lestrarvenjum og árangri í lesskilningi meðal 10. bekkinga stúlkum í hag (Brynhildur

Pórarinsdóttir o.fl., 2012, 2017; Menntamálastofnun, 2019), sem og í lestrarvenjum og viðhorfum til lestrar í 5. og 6. bekk. Stúlkur í 5. og 6. bekk hafa almennt meiri lestraráhuga en drengir, en lestrarfælni er algengari meðal drengja (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir o.fl., 2018). Kynjamunurinn í Siljunni kemur fram í því að mun færri drengir hafa tekið þátt en stúlkur og langflestir þeirra fyrir tilstilli kennara. Drengir virðast því þurfa meiri og beinni hvatningu til að hella sér í lestrartengd verkefni en stúlkur. Þennan mun á framtakssemi kynjanna í keppninni er nærtækast að skýra með mismunandi lestraráhuga og lestrarvenjum kynjanna, en mætti þó allt eins skoða út frá rannsóknum á virkni í skólastarfi. Stúlkur eru almennt virkari í skólastarfinu en drengir og þessi munur á virkni kynjanna er jafnvel talinn geta skýrt kynjamun í lesskilningi (Sigrún Jónatansdóttir o.fl., 2017).

Siljuna má skoða sem áminningu um hversu mikilvægt er að vinna með viðhorf til lestrar í skólanum. Margir nemendur þurfa hjálp við að yfirstíga neikvæðar tilfinningar í garð lestrar, jafnvel lestrarfælni. Drengir eru fjölmennari í þessum hópi en stúlkur. Þessi neikvæðni í garð lestrar kann að eiga sér samfélagslegar skýringar en opinber orðræða um lestur grunnskólanemenda, einkum drengja, hefur verið afar neikvæð síðustu árin. Orðræðan um drengi sem lesa sér ekki til gagns hefur síast inn í skólana og haft áhrif á sjálfsmynd drengja sem lesenda, eins og fram kom í INOK-rannsókninni (Brynhildur Pórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018). Þegar lestrartengd verkefni eru lögð fyrir í skólanum er því nauðsynlegt að átta sig á hversu ólíka hvatningu og nálgun nemendur þurfa. Staðalmyndir og sjálfsmynd hafa áhrif á löngun og drifkraft nemenda til að opna bók og sumir þurfa verulegan stuðning til að yfirvinna sálfélagslegu hindranirnar.

Þegar rýnt er í sögu Siljunnar kemur í ljós að þátttaka nemenda í verkefninu er tengd áhuga kennara en þátttaka hefur verið mest í skólum þar sem kennarar hafa tekið keppnina upp á sína arma. Kennarar hafa þá notað Siljuna sem skólaverkefni og séð um að senda myndböndin inn. Í þessum tilvikum hafa allir nemendur verið virkjaðir til lestrartengdrar vinnu og vel að merkja – þá hallar ekki á drengina. Þeirra myndbönd eru unnin af innlifun, sköpunarkrafti og hugmyndaauðgi ekki síður en myndbönd stúlkanna. Skapandi hópvinna í tengslum við lestur virðist því höfða til drengja, ekki síður en stúlkna. Það er í samræmi við niðurstöður Soffíu Vagnsdóttur (2021) um áhuga nemenda á skapandi verkefnum og hópvinnu.

Það má því ekki vanmeta þátt kennarans í að virkja nemendur og skapa stemningu fyrir lestri innan bekkjarins. Segja má að hlutverk kennarans sem áróðursmeistara lestrar sé sérstaklega mikilvægt eftir að lestrarkennslu lýkur. Nemendur á mið- og unglingsstigi þurfa ekki aðeins aðgang að áhuga-verðu lesefni, heldur þarf bókstaflega að halda því að þeim. Siljan sýnir hversu miklu máli skiptir að kennari sé áhugasamur og hversu virkir nemendahópar geta verið í lestrartengdum verkefnum, fái þeir hvatningu og tíma til að vinna þau. Nemendur kalla eftir meira vali, skapandi viðfangsefnum og auknu samvinnunámi, eins og fram kom í rannsókn Soffíu Vagnsdóttur (2021). Unnt er að gera miklu meira af slíku þegar kemur að lestrinum. Áhersla á samvinnunám í bókmenntum væri í anda aðalnámskrár þar sem línur eru lagðar um að líta beri á læsi frá félagslegum sjónarhóli; að sköpun merkingar verði ekki til í tómarúmi heldur ráðist af reynslu lesandans og aðstæðum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Nemendur sem vinna skapandi hópverkefni í bókmenntum læra að hlusta á og virða skoðanir annarra, þeir venjast því að allir geti lagt eitthvað til málanna og að sjónarhornin geti verið mörg og ólík. Við slíka verkefnavinnu gegnir fjölbreytt bókaútgáfa lykilhlutverki; sumir hlusta á bókina en aðrir lesa hana af pappír eða skjá. Þannig geta hæglausir nemendur og fluglausir unnið saman og lært hverjir af öðrum.

Það er engin nýjung í skólastarfi að setja nemendum fyrir að búa til bókamyndbönd. Það er víða gert í bókmenntakennslu en að því er virðist fyrst og fremst þegar unnið er með eldri bókmenntir. Á Youtube má t.d. finna fjölda myndbanda um Laxdælu eftir grunnskólanemendur. Skólasamfélagið viðurkennir því að brúa þurfi bilið milli fornra bókmennta og menningarheims barna og beita tæknilegum leiðum til að virkja áhugahvötina. Það virðist sjaldgæfara að nemendur fái að endurskapa það sem kallað hefur verið yndislestrarbækur; barna- og ungmennabækur sem börnin velja sér sjálf til ánægju. Þetta hefur hins vegar verið lykilatriðið í Siljunni. Bókaval Siljunnar bendir til þess að tískustraumar séu sterkir í barnaheiminum og í samræmi við metsölulista sem aftur endurspeglar

markaðssetningu. Búast hefði mátt við því að bókaval í Siljunni, metsölulistar og útlánatölur skólasafna hefðu svipaða sögu að segja en skólasöfnin eru sér á parti. Einsleitir útlánalistar skólasafnanna 2013–2020 vekja ýmsar spurningar. Mikilvægt er að nemendur fái að velja lesefni en þeir þurfa aðstoð við að átta sig á breiddinni í útgáfunni og tækifæri til að kynna fjölbreyttu efni. Aðgengi barna að alls konar bókum er lykilatriði fyrir uppbyggingu lestraráhuga. Skólasöfnin þurfa að eiga spennandi bókakost, sýna hann og kynna, og bækur fyrir viðkomandi aldur þurfa að tilheyra daglegu skólastarfi í kennslustofum. Því miður sýndi ÍNOK-rannsóknin að barna- og ungmennabækur væru sjaldan sýnilegar í skólastofum á mið- og unglíngastigi (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018).

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að verða þeir þroskuðu lesendur sem aðalnámskrá ætlast til að útskrifist úr grunnskóla; sjálfstæðir lesendur sem geta valið sér lesefni. Þeir þurfa að kynna margbreytilegum bókmenntum til að finna hvar lestraráhugi þeirra liggur og þjálfun í að kafa ofan í þær. Myndböndin í Siljunni sýna hversu djúpt nemendur geta kafað í bókmenntir ef þeir vinna með efni sem vekur áhuga þeirra, sérstaklega þegar þeir fá að vinna saman og hver og einn getur lagt sitt af mörkum eftir reynslu og áhugasviði. Um leið er bókaval unga kvikmyndagerðarfólksins áminning um hversu myndrænn menningarheimur barna er. Vinsælustu höfundarnir í Siljunni eru leikarar sem einnig hafa unnið við gerð barnaefnis fyrir aðra miðla; sjónvarp, útvarp, leikhús og kvikmyndir. Þeir sem vinna að lestrarhvatningu þurfa að hafa opinn huga gagnvart annars konar menningarefni, hætta að óttast samkeppni við bókina og fara að nýta tæknina og miðlana í þágu lestrar. Kristján Jóhann Jónsson (2013) orðaði það svo að bókmenntir og lestur gætu ekki og ættu ekki að keppa við afþreyingarmiðla á borð við spennumyndir og tölvuleiki. Kennarar yrðu hins vegar að þekkja þessa miðla yngri kynslóðarinnar, kunna að tengja veigamikla bókmenntatexta við þá og „þýða á milli“ miðla.

Jákvæð nálgun gegn lestrarleiða

Neikvæðni í garð lestrar, lestrarfærni og orðalagið „leiðinleg skólaverkefni“ benda til þess að hópur nemenda finni enga ánægju af lestri heldur þvert á móti leiðist þeim. Skólaleiði getur brotist fram sem áhugaleysi og skortur á framtakssemi. Nemendur nefna gjarnan einsleitni og endurtekningar í kennslu og tilgangsefni verkefna sem ástæðu þess að þeim leiðist í skólanum (Daschmann o.fl., 2014). Ef litið er á lestrarleiðann frá þessu sjónarhorni má spyrja hvort þær aðferðir sem beitt hefur verið við að halda lestri að börnum hafi snúist upp í andhverfu sína. Jafnframt má velja fyrir sér hvort nemendur sjái tilgang í þeim lestrartengdu verkefnum sem skólinn setur fyrir og hvort þau séu nægilega fjölbreytt.

Siljan er engin töfralausn gegn lestrarleiða en hún er amboð í verkfærakassa lestrarhvetjandi kennara. Keppnin byggir á hugmyndafræði um jákvæða nálgun gegn „lestrarvandanum“ margumrædda. Við mótnun keppninnar var stuðst við rannsóknir á lestrarvenjum og lesskilningi, samspili þessa og áhrifaþáttum. Niðurstöður þeirra gáfu tilefni til að ætla að vænlegt væri að efla lestur gegnum áhugasvið barnanna og félagslíf; það er að virkja áhugasvið og tengja lestur við gleði og samveru. Með skapandi verkefnum á borð við Siljuna getur lesturinn orðið að spennandi tölvuverkefni sem vinna má með vinum sínum, utandyra sem innan, með ærslum og gleði. Þar með er unnið gegn þeirri goðsögn að bækur og tækni séu andstæðir pólar í tilveru barna; að annaðhvort lesi börn bækur eða hangi í tölvunni. Börnin fá tækifæri til að túlka og tjá sig um bókmenntir með aðstoð nútímatækni og beita öllum þeim möguleikum sem tækin bjóða upp á til að dýpka skilning sinn og koma honum til skila. Nemendur þurfa að vera hugmyndaþróun og lausnamiðaðir og nýta sér færni í margvíslegum námsgreinum. Það sýndu til dæmis fimmtubekkingar í Rimaskóla sem bjuggu til æðislegar grímur til að bregða sér í hlutverk söguhetja úr *Hundmann* eftir Dav Pilkey, eins og sjá má hér: <http://youtu.be/hzrWyisuHX8>. Metnaður og sköpunargleði tryggði þeim þriðja sætið í yngri flokki 2021. Sigurvegararnir í báðum flokkum 2021 notuðu leikmuni og gervi af hugvitssemi til að draga fram ólíkar persónur og sjónarhorn. Þessi myndbönd sýna næmt auga fyrir frásagnartækni kvikmyndalistarinnar; eldri flokkur: <https://youtu.be/Qa-0xTvahB4> og yngri flokkur: <https://youtu.be/QdaR5ycASNA>.

Drengirnir í 7. bekk Myllubakkaskóla sem bjuggu til hasarstiklu um *Henri rent í Rússlandi* eftir Þorgrím Þráinsson notuðu texta og tónlist í stað tals og beittu tæknibrellum og hasar, sjá https://www.youtube.com/watch?v=ejd_VxA435Q. Skapandi verkefni geta því gefið nemendum færi á að túlka sögur af innlifun, hversu færir sem þeir eru í tungumálinu.

Þegar rætt er um sköpun í skólasterfi er gott að hafa í huga að hugtakið sköpun nær ekki eingöngu yfir listræn verkefnaskil. Nemendur skapa merkingu með því að skilja og túlka textann sem þeir lesa. Kristján Jóhann Jónsson (2013) telur að kennsla í bókmenntum og lestri eigi að vera „kennsla í því að túlka texta og veruleika, með öðrum orðum skapandi og gagnrýnin vinna“. Þegar myndbönd Siljunnar eru skoðuð sést hvernig bókmenntir og myndmiðill vinna saman að þessu leyti. Börnin kryfja börnin bókina þegar þau skrifa handrit og skipuleggja tölur. Þau ræða um bókmenntafræðileg hugtök á borð við persónur og sjónarhorn, sem erfitt hefur þótt að kenna, eins og fram kom í ÍNOK-rannsókninni. Þar höfðu sumir kennarar einmitt notað kvikmyndir eða eigin ritun nemenda til að kenna bókmenntafræðileg hugtök. Hugsanlega má komast enn lengra með því að tvinna þetta saman og tengja hugtök við eigin kvikmyndagerð nemenda. Börnin koma djúpri túlkun á framfæri með tónlist, svipbrigðum, sviðsetningum, klippingum og búningum; mögulega dýpri og innilegri en þau hefðu náð að sýna með ritgerð eða öðrum hefðbundnum leiðum. Það er einmitt lykilatriði fyrir dýpri lesskilning að geta dregið ályktanir og skapað merkingu; skynjað hið ósagða, lesið milli línanna og sett hlutina í samhengi við eigin þekkingu og reynslu.

Stúlkurnar í Kelduskóla sem gerðu sigurmyndbandið um bók Kristínar Helgu Gunnarsdóttur *Vertu ósýnilegur – flóttasaga Ishmaels* réðust ekki á garðinn þar sem hann er lægstur: <https://www.youtube.com/watch?v=R1R6a5HM6Ts>.

Bókin fjallar um ungan pilt sem tekst á við mikinn missi þegar hann flýr styrjöldina í Sírylandi. Stúlkurnar nota klippingar, tæknibrellur og tónlist til að skapa tilfinningaþrungin andrúmsloft mannskæðrar borgarastyrjaldar á Íslandi og með því fá þær áhorfendur til að samsama sig síryenska flóttadrennum. Tífaði þögnin sem ríkti í bekknum þegar myndbandið var sýnt við verðlaunaafhendinguna staðfesti hversu djúpt það snart unglíngana. Sekúndurnar eftir að slökkt var á skjánum voru svolítið erfiðar fyrir suma. Þegar áhrifamáttur bókmennta verður svona áþreifanlegur er óhætt að viðurkenna að verkefnið hefur skilað árangri.

Markmið Siljunnar sneru að nemendum, skólunum og skólasöfnunum. Með keppninni var að stefnt að því að efla lestraráhuga barna og unglínga, beina sjónum skólasamfélagsins að barna- og ungmennabókum og styrkja skólasöfnin. Hátt í 800 grunnskólanemendur hafa tekið þátt í Siljinni með því að lesa bækur og skapa út frá þeim. Myndbönd Siljunnar sýna gagnsemi þess að vinna með „venjulegar“ barna- og unglíngabækur í skólunum; hversu fær börn og unglíngar eru í að kryfja og túlka bókmenntir fái þau að velja bækur og verkefni sem höfðar til þeirra. Myndböndin bera vott um ánægju og innlifun og þar með þá jákvæðu upplifun af bókmenntum sem er forsenda þess að nemendur lesi af eigin hvötum. Keppnin virðist því hafa virkjað lestraráhugavöt nemenda en svo er annað mál hvort þátttaka í einu verkefni nægi til að breyta venjum og viðhorfum til langframa. Bætt lestrarmenning þarf að vera viðvarandi viðfangsefni í skólasterfi. Markmiðið um eflingu skólasafnanna er auðveldara að meta. Siljan hefur útvegað skólasöfnunum 1,1 milljón króna til bókakaupa og þannig lagt sitt af mörkum til að rétta hlut safnanna. Keppnin hefur síðast en ekki síst skilað kennurum og öðrum sem sinna lestrarhvatningu auknum skilningi á hvernig börn og unglíngar nálgast bókmenntir og hvað hreyfir við þeim. Með því hefur Siljan vonandi greitt leið barna- og ungmennabóka inn í skólastofurnar, eins og kallað hefur verið eftir.

Siljan – a video competition. Lessons learnt from a reading promotion project

The video competition Siljan is a creative literacy project developed for 5th–10th grade students by the Centre for Children’s Literature at the University of Akureyri. The project involves students creating a video about a recent book for children or adolescents. The objective is to increase interest in reading among students, promote peer support and focus the attention of school communities on books for children and adolescents. The project was initiated in response to the findings of empirical research on literacy among compulsory school students. Research had shown both declining interest in reading and worse performance in tests of reading skills and comprehension. These findings also revealed a substantial gender difference as girls were generally found to be more interested in reading, to have more positive attitudes towards reading and to perform better on standardised tests of reading and comprehension, while boys were more likely to avoid reading. These findings generated substantial concern among educational experts, policy makers and the general public and resulted in various projects to enhance reading skills and literacy. The Siljan project was built around the notion that increasing interest in reading and supporting better reading habits was crucial to enhancing reading comprehension. The video competition was thus developed as a tool to harness the interests and creativity of children and adolescents in projects where they actively engaged with recent children's literature. The competition also generated data that could be used to enhance the reading culture of children and adolescents. The six waves of the competition have generated a database of 230 videos by almost 800 students. In this paper, the Siljan database is used to analyse the students behind the videos with an emphasis on gender and age. Prior research on reading habits among compulsory school students would suggest that girls and younger students would be more likely to participate in such literacy projects. The results confirm these expectations but with a greater slant against older students than expected. Although boys were generally less likely to participate, the incorporation of the competition into teaching resulted in stronger involvement. This underlines the importance of teachers in creating a supportive atmosphere towards reading. The experiences gained from the Siljan project demonstrate the importance of letting children choose and interpret literature as a strategy to support literacy and the teaching of literature. The participants used music, scene cuts, costumes and other strategies to elicit audience response and demonstrated an understanding of literary concepts and abilities to read between the lines that have frequently proven elusive objectives in the classroom. The collection of videos can be seen as a testament to the creative power, ingenuity and technical proficiency among children and a reminder of the importance of reading motivation. The lower rates of participation in Siljan among boys reflect their lower levels of interest in reading and less participation in school work. The videos produced by boys and girls that did participate, however, indicated equivalent levels of immersion, creativity and conceptual richness, suggesting that creative collaborative projects are equally suitable for both boys and girls. Interestingly, the books chosen by students tend to be more akin to best-seller lists where a handful of authors dominate, rather than the children's literature manifested in statistics on school library lending. Book series are prevalent on both best-seller lists and library lending lists, revealing a level of loyalty towards the book characters. The most popular books on both lists tend to be male dominated, especially on the school library list. It is worth mulling over these findings in the context of a pervasive public discourse attributing worse school performance among boys to the feminine slant of schools and classrooms dominated by female teachers and administrators. In this case, the masculine gender bias of children's literature does not seem to generate greater or even equal interest in reading among boys compared to girls.

Keywords: Reading motivation, literacy, creative schools, information technology, teaching literature.

Um höfund

Brynhildur Þórarinsdóttir (brynh@unak.is) er dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún er stjórnarformaður Barnabókaseturs, rannsóknarseturs um barnabókmenntir og lestur barna við HA. Hún er einnig í stjórn RASK, Rannsóknarstofu um skapandi skólustarf og Rannsóknarstofu um íslensk fræði og íslenskukennslu.

About the author

Brynhildur Þórarinsdóttir (brynh@unak.is) is an associate professor at the University of Akureyri, Faculty of Education. She leads the Barnabókasetur / Centre for Children's Literature. She is a board member of the RASK, Research Centre for Creative Education and of the Research Centre for Teaching Icelandic.

Heimildir

- Almar Miðvík Halldórsson. (2011). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum Reykjavíkur samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Menntasvið Reykjavíkur.
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012. Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2012_island.pdf
- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/stada_lestrarkennslu_i_islenskum_grunnskolum_2009.pdf
- Barnabókasetur. (2020, 27. mars). *Lestur er líka smitandi*. <https://barnabokasetur.is/lestur-er-lika-smitandi/>
- Bláskógaskóli fékk viðurkenningu fyrir myndband. (2017, 4. maí). *Fréttavefur Suðurlands*. <https://www.dfs.is/2017/05/04/blaskogaskoli-fekk-vidurkenningu-fyrir-myndband/>
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2011). Er hjartað hætt að slá? Skólabókasöfn á krepputímum. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Þjóðarspeggillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls. 133–140). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Brynhildur Þórarinsdóttir, Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2012). Bóklausir og bókaormar: Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglinga í alþjóðlegu ljósi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. <http://hdl.handle.net/1946/14529>
- Brynhildur Þórarinsdóttir, Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2017). Yndislestur á uppleið? Breytingar á lestrarvenjum drengja og stúlkna. *Netla – Vefitímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/06.pdf>
- Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Lestur og læsi. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum* (bls. 41–82). Háskólaútgáfan.
- Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Bókmenntir og bókmenntakennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum* (bls. 83–134). Háskólaútgáfan.
- Daschmann, E. C., Goetz, T. og Stupnisky, R. H. (2014). Exploring the antecedents of boredom: Do teachers know why students are bored? *Teaching and Teacher Education*, 39, 22–30. <https://doi.org/10.1016/j.tate.2013.11.009>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2013). *Bóksölulistar ársins 2013*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2013>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2014a). *Bóksölulistinn 2014*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2014>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2014b). *Bókatiðindi 2014*. https://fibut.is/attachments/article/122/Bokati-dindi2014_LOW.pdf
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2015). *Bóksölulistinn 2015*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2015>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2016). *Bóksölulistinn 2016*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2016>

- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2017). *Bóksölulistinn 2017*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2017>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2018). *Bóksölulistinn 2018*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2018>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2019). *Bóksölulistinn 2019*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2019>
- Félag íslenskra bókaútgefenda. (2020). *Bóksölulistinn 2020*. <https://fibut.is/bokasolulistinn/2020>
- Freyja Birgisdóttir. (2016). *Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. Sérít Netlu – Um lesi*. <https://ojs.hi.is/netla/article/view/2429/1314>
- Glerárskóli. (2015a, 22. maí). *Siljan – sigurvegarar í Glerárskóla*. <https://glerarskoli.is/siljan-sigurvegarar-i-glerarskola/>
- Glerárskóli. (2015b, 26. nóvember). *Siljan*. <https://glerarskoli.is/siljan/>
- Hafðís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2018). Tengsl lestraráhugavatar og lesskilnings nemenda á miðstigi grunnskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(2), 175–199. <https://ojs.hi.is/tuum/article/view/2880>
- Háskólinn á Akureyri. (2015, 11. mars). *Siljan – bókaþáttur fyrir börn og unglínga*. <https://www.unak.is/is/samfelagid/frettasafn/frett/siljan-bokathattur-fyrir-born-og-unglinga>
- Krakkar bestir í að toga aðra krakka að lestri. (2015). *Skólavarðan*, 15(7), 22–23. <https://timarit.is/page/6668375#page/n21/mode/2up>
- KrakkaRÚV. (2017, 15. maí). *Krakkafréttir*. <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkafrettir/24081/75ku30>
- Kristín Heba Gísladóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir og Herdís Anna Friðfinnsdóttir. (2013). *Lestrarvenjur ungra bókaorma*. Barnabókasetur Íslands.
- Kristján Jóhann Jónsson. (2013). Skapandi lestur, skilningur og túlkun. *Skíma*, 36(1), 12–17.
- Landskerfi bókasafna. (e.d.). *Vinsælustu titlarnir* [leitarvél]. Sótt af <https://www.landskerfi.is/um-okkur/vinsaelustu-titlarnir/vinsaelustu-titlarnir>
- Lipsyte, R. (2011, 19. ágúst). Boys and reading: Is there any hope? *The New York Times*. <https://www.nytimes.com/2011/08/21/books/review/boys-and-reading-is-there-any-hope.html>
- Logan, S. og Johnston, R. (2009). Gender differences in reading ability and attitudes: Examining where these differences lie. *Journal in Research in Reading*, 32, 199–214. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9817.2008.01389.x>
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- Magnús Geir Eyjólfsson. (2021, 25. maí). Lesskilningur drengja vel undir meðaltali OECD. *RÚV*. <https://www.ruv.is/frett/2021/05/25/lesskilningur-drengja-vel-undir-medaltali-oecd>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámsskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti: Greinasvið 2013*.
- Menntamálastofnun. (2019). *PISA 2018. Helstu niðurstöður á Íslandi*. https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf
- Nordic Council of Ministers. (2012). *Northern Lights on PISA 2009 – focus on reading*. <https://www.norden.org/en/publication/northern-lights-pisa-2009-focus-reading>
- OECD. (2011). Do students today read for pleasure? *PISA in Focus*, 8. <https://doi.org/10.1787/5k9h362lhw32-en>
- OECD. (2019). *PISA 2018 results (volume I): What students know and can do*. <https://doi.org/10.1787/5f07c754-en>
- Rannís. (2013, 11. júní). *Úthlutun úr Barnamenningarsjóði*. <https://www.rannis.is/frettir/nr/2391>
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>
- Sigrún Jónatansdóttir, Kristján Ketill Stefánsson, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2017). Má rekja mun á lesskilningi kynjanna til mismikillar þátttöku í skólafarfi? *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1–2), 87–109.
- Soffía Vagnsdóttir. (2021). Virkjum sköpunarkraft, forvitni, ímyndunarafi og nýsköpun. *Skólaþræðir*. <https://skolathraedir.is/tag/soffia-vagnsdottir/>
- Unnu bækur fyrir hundrað þúsund krónur. (2018, 17. júní). *Morgunblaðið, Barnablað*.

- Vallaskóli. (e.d.). *Siljan 2018 – Vallaskóli meðal vinningshafa*. <https://vallaskoli.is/siljan-2018-vallaskoli-a-medal-vinningshafa/>
- Verðlaun veitt í Siljunni. (2016, 10. maí). *Morgunblaðið*. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1595335/>
- Þingskjal nr. 1455/2020–2021. *Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um námsárangur pílta og stúlkna í skólakerfinu*. <https://www.althingi.is/altext/151/s/1455.html>
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 253–262). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



Brynhildur Þórarinsdóttir. (2021).
Myndbandasamkeppnin Siljan: Lærdómur af lestrarhvetjandi verkefni.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2021 – Menntavika 2021.
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2021/menntavika_2021/01.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.1>